



Skýrsla internetnefndar til Umdæmisstjórnarfundar laugardaginn 13 apríl

Starfið hefur verið nokkuð hefðbundið í netheiminum frá síðasta Umdæmisstjórnar fundi og lítið um nýjungar eins og er því umsýslukerfið er nýlega uppfært þannig séð, og vill maður fá meira líf í félagi og virkja vefinn meira til notkunar fyrir hreyfinguna áður en farið er út í meiri viðbætur í þeim efnum. Það virðist t.d vera ómögulegt að virkja menn og konur betur á spjallsvæðinu og ávalt er dræm þáttaka í könnunum vefsins.

Fréttastreymi til vefsins hefur verið með ágætum og eru ávalt sömu klúbbarnir sem senda inn fréttir, en ef maður tekur alla klúbba umdæmisins þá er þetta smá brot sem er að senda inn fréttir. Maður tekur eftir því að sumir klúbbar eru að nota Facebook og skrifa inn fréttir og tilkynningar sem er mjög gott og auglýsir hreyfinguna víðar, en mönnum munar ekki um að afrita þann texta sem verið er að setja á facebook og senda hann á kiwanis.is, því áhugaverðar fréttir úr klúbbastarfinu fá miklar flettingar á kiwanis.is.

Ég held að menn geri sér ekki grein fyrir hversu áhrifaríkur veraldarvefurinn er og hvað hann getur gert fyrir okkur í Kiwanis, og dettur mér þá í hug nýja verkefni Eldfells, sem er að safna saman myndum úr Vestmannaeyjagösinu og koma þeim í tölvutækt form, og hefur þetta vakið mikla athygli fyrir tilstuðlan internetsins og eru t.d farið að fjalla um þetta verkefni í blöðum og verður gaman að fylgjast með hvernig þeir koma síðan til með að spila úr þessu efni og veit ég að það er í hugmyndabankanum hjá þeim að stofan jafnvel heimasíðu utan um þessar myndir. Þetta er málið þarna kemur ungur klúbbur fram á sjónarsviðið og nýtir sér nútíma tækni með frábærum árangri. Þetta geta allir gert ef áhugi er fyrir hendi, nettenging og Kiwanishjarta er allt sem þarf.

Í framhaldi við ég biðja Kiwanisfólk að íhuga þetta til að koma fjáröflunum og öðrum verkefnum Kiwanis á framfæri, og ef ekki er tölvukunnátta eða netnotkun á háu stigi í klúbbum þínum þá má alltaf finna einhvert til að koma á fund og kynna hlutina eða jafnvel hafa kennslu í að koma fréttum á framfæri rafrænt.

10. apríl 2013

Tómas Sveinsson formaður internetnefndar

